

Föstudaginn 27. janúar 1995

45. fundur Samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 6/1995

**Kvörtun Eddafótó  
vegna samninga Pennans sf.  
um fyrirkomulag á dreifingu póstkorta**

**I.**

**Málsatvik**

**1.**

Með bréfi dags. 14. mars 1994 óskaði Árni Einarsson, f.h. einkafirma síns Eddafótó, eftir því við Samkeppnisstofnun að hún kannaði *"lögmæti þeirra samninga sem aðal samkeppnisaðili minn Sólarfilma hefur gert við ritfangaversl. Pennann s.f."*

Eddafótó lýsir málsatvikum svo að samningur þessi útiloki fyrirtæki sitt frá viðskiptum við ýmsa smásala nema fyrir milligöngu og þóknun til Pennans sf. Þá segir í erindinu: *"Ég tel að Sólarfilma sé ekki að selja Pennanum kort eins og látið er í veðri vaka heldur sé Penninn að selja aðgang að markaði. Þá vil ég einnig benda á að Kf. Árnesinga var einn stærsti viðskiptavinur minn, en þegar að þessir samningar voru gerðir var mér tilkynnt að viðskiptum sem staðið höfðu í áratugi væru lokið.*

*Þar sem ég tel að þessar markaðshömlur hafi haft verulega slæm áhrif á stöðu fyrirtækisins vil ég fara fram á að það að skoðun þessa máls verði flýtt svo sem unnt er og er ég tilbúinn til að gefa stofnuninni allar þær upplýsingar sem ég hef um þetta mál."*

**2.**

Samkeppnisstofnun hófst þegar handa við gagnaöflun og óskaði með bréfi dags. 22. mars 1994 eftir afriti af gildandi dreifingarsamningum Pennans við innlenda smásala annars vegar og innlenda framleiðendur og heildsala hins vegar.

Penninn óskaði með bréfi dags. 15. apríl s.l. eftir upplýsingum um af hvaða tilefni mál þetta væri tekið til athugunar og hvort samkeppnisaðilum hefði borist hliðstætt bréf. Í bréfi Samkeppnisstofnunar til Pennans dags. 2. maí 1994 kom fram að kvartandi hafi óskað trúnaðar samkeppnisyfirvalda þegar hann lagði inn erindi sitt, en nú væri unnt að upplýsa að stofnunin hafi verið beðin að athuga lögmæti dreifingarsamninga Pennans við fyrirtækið Sólarfilmu. Samkeppnisstofnun ítrekaði beiðni sína um upplýsingar, en taldi nægilegt að svo stöddu að dreifingarsamningar Pennans við

Sólarfilmu og eftir atvikum tengdir samningar bærust stofnuninni. Lögmaður Pennans sendi stofnuninni svohljóðandi bréf dags. 20. maí 1994: "*Samkvæmt upplýsingum umbjóðanda míns Pennans sf. hefur enginn skriflegur dreifingarsamningur verið gerður við firmað Sólarfilma en samstarf hefur myndast með félögunum með því vinnuferli að Sólarfilma sér um áfyllingu korta í sölustanda í verslunum Pennans sf. og nokkrum öðrum smásöluverslunum. Sólarfilma gerir Pennanum sf. síðan reikninga fyrir þessum áfyllingum og Penninn sf. endurkrefur síðan smásöluaðilana.*"

Samkeppnisstofnun sendi lögmanninum svohljóðandi bréf, dags. 16. ágúst s.l.: "*Samkvæmt upplýsingum frá Kaupfélagi Árnesinga er í gildi innkaupasamningur milli Kaupfélagsins og Pennans sf., þar sem m.a. er kveðið á um fyrirkomulag á dreifingu á vörum sem Penninn sf. selur í umboðs- eða heildsölu til Kaupfélags Árnesinga. Samningur þessi tengist athugun á erindi sem barst Samkeppnisstofnun 14. mars 1994 og yður var greint frá með bréfi stofnunarinnar dags. 2. maí 1994.*"

Með bréfi dags. 19. ágúst s.l. upplýsti lögmaðurinn að umbjóðandi sinn hefði látið sér í té ljósrit af samningi við Kaupfélag Árnesinga. Umbjóðanda sínum væri kappsmál að efni hans verði einungis á vitorði samningsaðilanna. Af þessum sökum fór lögmaðurinn þess á leit að mega koma til fundar með samninginn, vera viðstaddur athugun hans og fara með samninginn á brott að athugun lokinni.

### 3.

Fimmtudaginn 1. september funduðu fulltrúar Samkeppnisstofnunar með lögmanni Pennans. Lögmaðurinn lagði fram til skoðunar samning milli Pennans og K.Á. dags. 22. janúar 1991.

Helstu atriði samningsins sem athygli vöktu voru þessi:

#### **Einkakaup**

Geti Penninn ekki séð ritfangadeildum K.Á. fyrir nægilegum vörum er K.Á. heimilt að rifta samningnum og eða kaupa ritföng af öðrum heildsölum.

#### **Afsláttarkjör og verðstýring**

Veittur er ákveðinn afsláttur frá útskrifuðum reikningum frá Pennanum. Reikningsgrundvöllurinn er útsöluverð hjá K.Á. að frádregnum vsk. Penninn sér um að verðmerkja vörur sem samningurinn tekur til með útsöluverðinu.

Í framhaldi af fundinum varðandi samning Pennans og Kaupfélags Árnesinga upplýsti lögmaður Pennans með bréfi dags. 2. september 1994 að sambærileg þjónusta væri einnig veitt Hagkaupi, Kaupfélagi Skagfirðinga og Kaupfélagi Húnvetninga. Allt eru þetta aðilar sem Eddafótó telur fyrirtæki sitt útilokað frá viðskiptum við.

#### 4.

Með bréfi dags 12. október 1994 kynnti Samkeppnisstofnun Eddafótó stöðu málsins. Bréfi stofnunarinnar fylgdu allar bréfaskriftir hennar og Pennans. Greint var frá fundinum sem átti sér stað 1. september. Fram kom sú afstaða Samkeppnisstofnunar að í samningi Pennans og Kaupfélags Árnesinga væri að finna viðkvæmar viðskiptalegar upplýsingar sem Penninn hafi verulega hagsmuni af að ekki berist til samkeppnisaðila. Því hafi Samkeppnisstofnun ákveðið að takmarka aðgang Eddafótó að samningnum. Þeirri ákvörðun væri unnt að skjóta til áfrýjunarnefndar samkeppnismála á grundvelli ákvæða stjórnarsýslulaga. Með bréfi dags. 24. október 1994 skaut Eddafótó þessari hlið málsins til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Áfrýjunarnefndin hefur vísað málinu frá vegna formgalla.

#### 5.

Föstudaginn 21. október funduðu fulltrúar Samkeppnisstofnunar á nýjan leik með lögmanni Pennans. Lögmaðurinn fékk til upplýsingar ljósrit af bréfi Samkeppnisstofnunar til Eddafótó dags. 12. október 1994. Einu upplýsingar sem haldið var eftir voru nafn kvartandans Eddafótó, sem frá upphafi hefur óskað eftir trúnaði. Fram kom að Penninn gæti kært þá ákvörðun til áfrýjunarnefndar samkeppnismála innan fjórtán daga.

Lögmanninum var kynnt að eftirfarandi þáttur í samstarfi Pennans og K.Á. væri til skoðunar á grundvelli 11. gr. samkeppnislaga: Veittur er afsláttur á útskrifuðum reikningum frá Pennanum. Reikningsgrundvöllurinn er útsöluverð hjá K.Á. að frádregnum vsk. Penninn sér um að verðmerkja vörur sem samningurinn tekur til með útsöluverðinu.

Einnig voru kynntar niðurstöður verðkönnunar Samkeppnisstofnunar á ritföngum Pennans þar sem fram kom að verð á þeim vörum sem innkaupasamningarnir taka til er nánast það sama í öllum þeim kaupfélögum sem Penninn hefur samið við.

Lögmaðurinn lagði áherslu á að afsláttarforsendurnar komi frá kaupandanum og Penninn sé eingöngu að inna ákveðna þjónustu af hendi. Lögmaðurinn áréttaði þessi sjónarmiði í bréfi dags. 1. desember sl. þar sem fram kom að verðmerking til smásala fari eftir fyrirmælum smásalanna en ekki samkvæmt samráði Pennans og smásalans. Verðmerkingin sé þannig aðeins þáttur í þeirri þjónustu sem veitt er. Óskaði lögmaðurinn eftir fundi varðandi þennan þátt málsins sem fram fór þann 9. desember

sl. Á þeim fundi kom til umræðu upplýsingarit frá Herlitz Aktiengesellschaft í Berlín þar sem útskýrð er sams konar þjónusta við smásala í Þýskalandi.

## 6.

Þann 7. desember 1994 var Kaupfélagi Árnesinga, Kaupfélagi Húnavetninga og Kaupfélagi Skagfirðinga gefinn kostur að koma að athugasemdum og sjónarmiðum í varðandi innkaupasamninga kaupfélaganna og Pennans.

Kaupfélag Skagfirðinga óskaði eftir að koma eftirfarandi sjónarmiðum að með bréfi dags. 13. desember sl.: *"Frá hausti 1992 hefur verið í gildi samningur milli Kaupfélags Skagfirðinga og Pennans um viðskipti með ritföng og skyldar vörur. Tilgangur samnings þessa frá sjónarhóli Kf. Skagfirðinga var meðal annars eftirfarandi:*

- 1. Að tryggja viðskipti með góðar vörur á samkeppnishæfu verði.*
- 2. Að minnka birgðahald við þessa vöruflokka.*
- 3. Að tryggja faglega aðstoð við sölu og innkaup varanna.*

*Á Sauðárkróki er óhætt að segja að sé viðunandi samkeppni í þessum vöruflokkum. Þar er sérværslun í eigu einkaaðila, allstór bóka- og ritfangaværslun, sem hefur raunar einkaleyfi á bóksölu í kaupstaðnum.*

*Altítt er að samningar séu gerðir milli heildsala og smásala um tiltekna vörutegundir eða vöruflokka og er ekki óeðlilegt að smásalar geti valið um hvaða vörur þeir hafi á boðstólum í værslunum sínum.*

*Hvað varðar ofangreindan samning, þá bera værslanir KS að sjálfsögðu ábyrgð á smásöluverði hjá sér. Hins vegar teljum við ljóst, að framangreindur samningur hefur leitt af sér lægra verð og meiri samkeppni á markaði hér á Sauðárkróki fyrir þessar vörur.*

*Kaupfélag Skagfirðinga leyfir sér að vonast eftir að ofangreind sjónarmið verði tekin til greina og leyfir sér að fullyrða, að viðskipti milli þess og Pennans hafa síður en svo leitt til takmörkunar á samkeppni í værslun með umræddar vörutegundir á Sauðárkróki og í Skagafirði."*

Sjónarmið Kaupfélags Húnavetninga voru sett fram með svohljóðandi bréfi dags.

16. desember sl.:

*"1. Frá 1. október 1992 hefur verið í gildi samstarfssamningur milli Pennans og KH. Samningur þessi var gerður með það að markmiði að gera KH samkeppnishæfara í*

verslun með ritföng og fl., bæði verðlega og ekki síður hvað varðaði faglega framsetningu og fl.

2. Samkeppni á þessum markaði er mjög hörð. Hér á Blönduósi eru tvær aðrar verslanir sem selja ritföng í samkeppni við KH, auk þess sem nálægð okkar við Reykjavík leiðir af sér að ekki þýðir að bjóða hér önnur og hærri verð en þar eru.

3. KH ber fulla ábyrgð á því smásöluverði sem í gildi er á hverjum tíma.

4. KH telur sig hafa fulla heimild til þess að semja við einstaka birgja um sín viðskipti og ekki þurfa að taka inn vörur frá öðrum birgjum en þeim sem við teljum okkur hagkvæmt að eiga samstarf við.

Við vonumst til þess að ofangreind atriði verði tekin til greina. Tilgangur samnings okkar við Pennann var að auka og styrkja samkeppni, ekki síst getu okkar til þess að keppa um verð og framboð við verslanir á Stór Reykjavíkursvæðinu."

Að síðustu bárust svohljóðandi skýringar Kaupfélags Árnesinga með bréfi dags. 16. desember sl.: "Í öllu innkaupastarfi okkar leggjum við höfuðáherslu á að gera sem hagkvæmust innkaup í verslanir okkar. Tilgangurinn er að sjálfsgöðu sá að geta boðið viðskiptavinum okkar vöru á samkeppnisfæru verði við stórmarkaði og aðrar verslanir á Stór - Reykjavíkursvæðinu. Jafnframt að bjóða vöruúrval sem mætir kröfum neytandans. Um innkaup á ritföngum og skyldum vörum er það að segja að okkur hefur tekist að bjóða þær vörur á öllu okkar viðskiptasvæði í fjölbreyttu úrvali og á verði sem við teljum fyllilega samkeppnisfært við það sem gerist annarsstaðar. Þannig hefur okkur tekist að þjóna hagsmunum viðskiptavinanna. Við erum í beinni samkeppni við verslanir á Stór-Reykjavíkursvæðinu og okkar innkaup og verðlag taka eðlilega mið af því sem gerist á þeim markaði."

## II.

### Samningar um einkadreifingu og einkakaup

#### 1.

Samningar um einkadreifingu og einkakaup flokkast undir það sem kallað hefur verið lóðréttar samkeppnishömlur. Slíkar samkeppnishindranir eru almennt ekki litnar jafn alvarlegum augum og láréttar hömlur, þ.e. hindranir milli aðila á sama sölustigi.

Í Bandaríkjunum eru samningar sem fela í sér stýringu á verði á vöru við endursölu á næsta sölustigi bannaðir sem slíkir. Lögmæti annarra lóðréttra hindrana í einkadreifingarsamningum er háð mati (rule of reason). Megin sjónarmiðið sem lagt er til grundvallar við það mat er hvort samkeppni milli tegunda (inter brand) sé raskað. Í því sambandi kemur til skoðunar að hve miklu leyti framleiðendur eða endurseljendur

útilokast frá markaðnum. Lagt er mat á hvort lögmæt viðskiptaleg sjónarmið eru að baki hindruninni og hvort unnt sé að ná sama marki með vægara móti.

Evrópusambandið tekur að jafnaði harðar á lóðréttum samkeppnishömlum en bandarísk samkeppnisyfirvöld. Þar eru engu að síður í gildi reglugerðir um hópundanþágu, sem undanþiggja tiltekna tegundir einkadreifingar- og einkakaupssamninga. Reglugerðirnar eru hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Í inngangi að reglugerðum þessum koma fram helstu ástæður fyrir að þessar tegundir samninga eru heimilar þrátt fyrir samkeppnishindrandi áhrif þeirra. Þannig segir m.a. í inngangsorðum reglugerðar nr. 1984/83 um samninga um einkakaup: "*Samningar um einkakaup eins og þeir eru skilgreindir í þessari reglugerð bæta yfirleitt dreifingu. Þeir gera birginum kleift að áætla sölu vörunnar af meiri nákvæmni og til lengri tíma en ella og tryggja þannig að staðaldri nægilegt framboð til endurseljanda á gildistímabili samningsins. Þeir gera aðila óháðari áhættu sem stafar af markaðssveiflum og lækka dreifingarkostnaðinn.*

*Samningar um einkakaup auðvelda einnig sölukynningu vöru og leiða til markvissrar markaðssetningar vegna þess að birginn skuldbindur sig yfirleitt, gegn skuldbindingu um einkakaup, til að leggja fram sinn skerf til að bæta skipulag dreifingarinnar, gæði sölukynningarinnar eða auka sölu. Jafnframt auka þeir oft samkeppni milli vara frá mismunandi framleiðendum. Val nokkurra endurseljanda, sem skuldbinda sig að kaupa eingöngu frá framleiðandanum og sem taka að sér sölukynningu, þjónustu við viðskiptavinum og birgðahald, er oft árangursríkasta leiðin, og stundum jafnvel eina leiðin, sem framleiðandi getur farið til að komast inn á nýjan markað og keppa við aðra framleiðendur sem þegar hafa náð fótfestu þar. Þetta á sérstaklega við þegar um lítil og meðalstór fyrirtæki er að ræða. Nauðsynlegt er að láta samningsaðila ákveða hvort og að hve miklu leyti samningar eigi að hafa að geyma ákvæði um sölukynningu.*

*Neytendur fá yfirleitt sanngjarnan ávinning af samningum um einkakaup milli birgja og endurseljanda, þar eð þeir njóta góðs af stöðugu framboði vara og geta fengið samningsvörurnar með auðveldari og skjótari hætti en ella."*

Eins og fyrr segir er helsta samkeppnissjónarmiðið sem til skoðunar kemur við mat á lögmæti samninga um einkakaup hvort aðrir framleiðendur/innflytjendur útilokist frá markaðnum. Á hinn bóginn hafa bæði framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og bandarískir dómstólar oft á tíðum talið að jákvæð áhrif þessara hamla vegi upp þau neikvæðu. Hagræðið sem kaupandinn hefur eru tryggar birgðir, vernd gegn verðhækkunum, möguleiki á langtímaáætlunargerð sem byggir á kostnaðarsjónarmiðum og sparnaður við birgðahald. Seljandinn sparar sér tilkostnað við sölu og markaðsfærslu, tryggir sig gegn verðsveiflum og gerir langtímaáætlanir á stöðugum markaði.

## 2.

Fordæmi skortir í íslenskum rétti um hvort samningar um einkakaup fari í bága við samkeppnisreglur. Sýnist eðlilegt að miða fyrst og fremst við hvort viðkomandi samningur hafi skaðleg áhrif á hlutaðeigandi markaði, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Verðstýring á næsta sölustigi samræmist ekki 11. gr. samkeppnislaga.

## III.

### Niðurstöður

#### 1.

Eddafótó kvartar undan slitum á viðskiptasamböndum sem í sumum tilvika hafa staðið í áraraðir. Fyrirtækið kvartaði upphaflega undan samningi sem samkeppnisaðili þess, Sólarfilma, átti að hafa gert við Pennann. Gagnaöflun í málinu hefur verið torsótt þar sem samningssamband Pennans við samkeppnisaðila Eddafótó og smásöluaðila lá ekki ljóst fyrir í upphafi máls.

Fram hefur komið að enginn skriflegur dreifingarsamningur hefur verið gerður milli Pennans og Sólarfilma en samstarf hefur myndast með félögunum með því vinnuferli að Sólarfilma sér um áfyllingu korta í sölustanda í verslunum Pennans og nokkrum öðrum smásöluverslunum. Sólarfilma gerir Pennanum síðan reikninga fyrir þessum áfyllingum og Penninn endurkrefur smásöluaðilana.

Hagræði fyrirtækisins Sólarfilma af þessu fyrirkomulagi sýnist fyrst og fremst vera sparnaður við innheimtu og bókhaldsvinnu sem Penninn tekur að sér og aðgangur að dreifingarkerfi Pennans. Hagræði Pennans sýnist vera sparnaður við birgðahald og þjónustu gagnvart smásöluaðilum.

Það vekur athygli að Eddafótó hefur ekki gert tilraunir til að koma á sambærilegu viðskiptasambandi við smásöluaðila eða dreifingarfyrirtæki og samkeppnisaðilinn Sólarfilma. Þetta á sér þá skýringu að Eddafótó telur að Sólarfilma sé ekki að selja Pennanum kort heldur sé Penninn að selja aðgang að markaði. Þá er bent á að Kaupfélag Árnesinga hafi verið einn helsti viðskiptaaðili Eddafótó þegar tilkynnt var um að viðskiptum sem staðið hefðu í "*áratugi*" væri lokið. Samkvæmt upplýsingum sem Samkeppnisstofnun hefur aflað frá Kaupfélagi Árnesinga var talsverð sala hjá kaupfélaginu á kortum frá Eddafótó á árunum 1983-1987 en síðan hafi salan dregist saman og að mestu lagst af þegar innkaupasamningur var gerður við Pennann árið 1990.

Það er mat samkeppnisyrvalda að það samstarf sem myndast hefur milli Sólarfilma og Pennans samræmist ákvæðum samkeppnislaga þar sem það



hagræði sem af samstarfinu hlýst vegi upp samkeppnishamlandi áhrif þess og stuðli að hagkvæmri nýtingu framleiðslupáttanna. Þá hefur ekki reynt á hvort Eddafótó eigi kost á sambærilegu samstarfi við Pennann.

## 2.

Næst koma til athugunar samningar Pennans og ýmissa smásöluaðila, þ.e. Hagkaups, Kaupfélags Árnesinga, Kaupfélags Skagfirðinga og Kaupfélags Húnavetninga. Þau samkeppnislegu atriði sem þar koma til skoðunar eru annars vegar það atriði í samningunum sem mælir fyrir um einkakaup af Pennanum og hins vegar það atriði sem lýtur að verðstýringu á næsta sölustigi.

Fram hefur komið að geti Penninn ekki séð ritfangadeildum ofangreindra smásöluaðila fyrir nægilegum vörum sé þeim heimilt að rifta samningnum og/eða kaupa ritföng af öðrum heildsölum. Af þessu má álykta að í samningunum felist að smásöluaðilum sé óheimilt að verða sér út um ritföng á því sviði sem samningarnir taka til nema í þeim tilvikum sem Penninn geti ekki séð þeim fyrir vörunum.

Hagræði smásöluaðila af þessum samningum felst í minna lagerhaldi en jafnframt tryggum birgðum, auknum veltuhraða og möguleika á að gera langtímaáætlanir. Vísast í þessu sambandi til bréfa þriggja kaupfélaga til Samkeppnisstofnunar. Samkvæmt þessu verður að leggja til grundvallar að samningarnir byggi á gagnkvæmum réttindum og skyldum og að ekki sé hallað á annan samningsaðilann. Kaupfélögin sjá sér ýmsan hag í þessu samstarfi sem ekki verður séð að hafi verið komið á einhliða eða vegna misbeitingar Pennans á markaðsstöðu sinni.

Á hitt er að líta að sumir þessara smásöluaðila hafa verið með Eddafótó, samkeppnisaðila Pennans og Sólarfilmu, í viðskiptum í áraraðir. Slit á þeim viðskiptum má rekja til þessara samninga. Ekki liggur fyrir að það hagræði sem af samningunum hlýst skili sér í lægra vöruverði til neytenda. Hins vegar leiðir verðkönnun, sem Samkeppnisstofnun lét gera á þeim vörum sem samningarnir ná yfir, í ljós að greinilegt samræmi er í útsöluverði þeirra.

Við mat á lögmæti þessara samninga verður að skoða hvort útilokun Eddafótó frá viðvarandi viðskiptum sé skaðleg samkeppnishindrun á þeim markaði sem um ræðir. Einnig er rétt að leggja til grundvallar hvort unnt er að ná fram lögmætum markmiðum með vægara móti en gert er og hvort jákvæð áhrif samninganna vegi upp neikvæð áhrif þeirra. Samningarnir ná til Hagkaups og þriggja kaupfélaga.

Hvað varðar samning Pennans við Hagkaup er á það að líta að Eddafótó hefur ekki verið í viðskiptum við Hagkaup. Með hliðsjón af því að engin viðskipti hafa átt sér stað og ýmsum öðrum valkostum Eddafótó til að koma vörunni á hlutaðeigandi

markað telst sú óverulega aðgangshindrun sem samningurinn leiðir til ekki brjóta í bága við samkeppnislög.

Um samninga Pennans við Kaupfélag Húnavetninga og Kaupfélag Skagfirðinga er það að segja að Eddafótó hefur ekki lagt fram gögn sem sýna fram á umfang viðskipta fyrirtækisins við þessi kaupfélög. Á báðum stöðum eru kaupfélögin í staðbundinni samkeppni við aðrar verslanir í þeim vöruflokkum sem samningarnir ná til. Á Sauðakróki er allstór bóka og ritfangaverslun og á Blönduósi eru tvær aðrar verslanir sem selja ritföng í samkeppni við kaupfélagið. Auk þess eru póstkort seld í söluskálum og víðar. Af þessu leiðir að ekki liggur fyrir að um skaðlega takmörkun á samkeppni sé að ræða á þessum mörkuðum.

Að síðustu er að líta til samnings Pennans við Kaupfélag Árnesinga. Í þessu tilviki liggur fyrir að í framhaldi af þeim samningi sleit kaupfélagið áralöngu viðskiptasambandi við Eddafótó. Af þeim sökum kemur hér einna helst til skoðunar hvort um skaðlega samkeppnishindrun sé að ræða. Í því sambandi skiptir skilgreining á þeim landfræðilega markaði sem um ræðir miklu. Ef um væri að ræða staðbundinn markað þar sem kaupfélagið hefði yfirburðastöðu mætti færa sterk rök fyrir því að hér væri um að ræða skaðlega samkeppnishindrun sem færi í bága við 17. gr. samkeppnislaga. Hins vegar verður landfræðilegi markaðurinn ekki skýrður svo þröngt, enda er K.Á. í beinni samkeppni við verslanir á höfuðborgarsvæðinu. Af þessum sökum verður að telja að um óverulega hindrun sé að ræða á hlutaðeigandi markaði sem ekki fer í bága við samkeppnislög.

Þá er sammerkt með öllum þessum samningum að hin jákvæðu áhrif þeirra vega upp þau neikvæðu. Jafnframt verður ekki séð að Eddafótó hafi leitað leiða til að koma á viðskiptum við þá aðila sem reka ritfangaverslanir í samkeppni við kaupfélögin.

Hvað varðar það fyrirkomulag að Penninn sjái um að verðmerkja vörur sem samningarnir taka til með útsöluverði hefur komið skýrt fram að verðmerkingin er að frumkvæði smásöluaðilanna og að þeir gefi fyrirmæli til Pennans um smásöluverðlagninguna. Þegar svo er að málum staðið samrýmist þetta fyrirkomulag 11. gr. samkeppnislaga.

**IV.**  
**Ákvörðunarorð:**

**"Skriflegir dreifingarsamningar Pennans við Hagkaup, Kaupfélag Skagfirðinga, Kaupfélag Húnavetninga og Kaupfélag Árnesinga annars vegar og samkomulag Pennans við Sólarfilmu hins vegar, brýtur ekki gegn ákvæðum samkeppnislaga."**

*[Máli þessu var áfrýjað; sjá Úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli [nr. 9/1995](#)]*